








Hlutfall notenda á aldrinum
10 - 13 ára á Íslandi

11%

Aldurstakmark



Hlutfall notenda á aldrinum
14 - 16 ára á Íslandi

33%

Discord er samskiptaforrit sem byggir á texta-, radd- og myndspjalli innan svokallaðra þjóna (e. servers). Upphaflega voru það helst tölvuleikjaspilarar sem notuðu Discord en í dag eru notendur mun fjölbreyttari hópur fólks.

3 staðreyndir um Instagram



Samskipti fara fram í lokuðum rásum

Undir hverjum og einum þjóni er að finna fjölda mismunandi lokaðra rása (e. channels) þar sem samskipti eiga sér stað. Foreldrar geta ekki séð þessi samskipti nema barn þeirra sýni þeim þau sérstaklega. Einelti og áreitni getur auðveldlega þrífist í lokuðum rásum.



Stjórnendur og reglur mismunandi milli þjóna

Hver þjónn á Discord hefur sína eigin stjórnendur (e. moderators) og reglur. Sumum þjónum er vel stýrt en lítið sem ekkert eftirlit getur verið með öðrum þjónum sem eykur líkur á að skaðlegt efni fái að standa þar óáreitt.



Öryggisstillingar ekki endilega sjálfkrafa stilltar

Á Discord geta notendur fengið einkaskilaboð frá fólki á sama þjóni, jafnvel þótt þeir þekki það ekki ásamt því að rekast á óviðeigandi efni á miðlinum. Hægt er að stilla hvort við sjáum efni sem hefur verið merkt óviðeigandi og það hver getur sent okkur einkaskilaboð (e. DMs) undir Content & Social í stillingum appsins. Stillingarnar eru ekki endilega stilltar sjálfkrafa á þegar aðgangur er stofnaður.

Tilkynna (reporta) á Discord






Tilkynna skilaboð



- Mikilvægt er að að hafa í huga að til þess að Discord skoði efni þarf að tilkynna efnið. Discord sinnir ekki eftirliti með ótilkynntu efni og því þarf að tilkynna óviðeigandi efni svo það sé tekið út

Ef við ætlum að tilkynna á Discord þá verðum við að byrja á því að kveikja á Developer Mode





Tilkynna skilaboð






Við finnum Developer Mode í
stillingunum

Veljum aðganginn okkar og
smellum á tannhjólið uppi í
horninu

Finum og veljum
Advanced

Þá getum við kveikt á
Developer Mode





Tilkynna skilaboð



Þá getum við fundið skilaboð sem við viljum tilkynna og höldum þeim inni

Þar veljum við report og fylgjum ferlinu

Discord býður þá einnig upp á að blokka eða hunsa notandan

